



Ásgerður Ester Búadóttir í Listasafni alþýðu:

List úr ull

Það er viðtekinn sannleikur að ull hélt lífinu í Íslendingum í gegnum tíðina — að minnsta kosti þangað til Hekluþúfur komu til sögunnar. Íslenskar konur hafa frá aldaöldi setið við þrjóna sína og þrjónað ullarfatnað og ekki síður slegið vefinn og ofið efni í vaðmálsföt.

Vefnaður má því teljast samofinn sögu þjóðarinnar. Vaðmálið hélt hita á rithöfundum okkar og mestu afrekin á veraldlega sviðinu voru unnin í vaðmálsfötum. En lengra náði vefnaðurinn ekki hjá okkur. Engum datt í hug, að hann gæti verið listgrein eða afrek útaf fyrir sig.

Það kemur því ekki á óvart að sá listamaður íslenskur sem telst frumkvöðull í myndvefnaði fékk fyrstu viðurkenningu sína í út-löndum. Það var nánar tiltekið árið 1956 sem Ásgerður Ester Búadóttir hlaut gullverðlaun fyrir verk sín á 8. alþjóðlegu list-íðnaðarsýningunni í München. Þá voru íslenskar konur að mestu hættar að slá vefinn til að

vefa efni í igangsklæði. Ásgerður hafði hinsvegar sest við vefstólinn einum sex árum áður til að vefa listaverk. Og Íslendingar urðu fljótlega að endurskoða afstöðu sína til vefnaðar.

Nú eru liðin 30 ár síðan Ásgerður Búadóttir sneri sér að þessari listgrein. Í tilefni af því verður á laugardaginn opnuð yfirlitssýning á verkum hennar í Sýningarsal Listasafns alþýðu við Grensásveg 16.

A sýningunni eru 38 verk, það elsta frá 1957, en yngsta verk er ofið í ár.

„Ég lærði ekki að vefa í skóla; það má segja að ég sé sjálfmenntuð í því. Leiðin lá í Handiða- og myndlistaskólann, eins og hann hét þá, og þaðan á Konunglegu akademíuna í Kaupmannahöfn. Þarna teiknaði ég og teiknaði og fór síðan að fást við málverkið. En einhvern veginn fékk ég ekki það út úr því sem ég vildi“, sagði Ásgerður við Hælgarpóstinn.

Begar hún hélt heim frá Dan-

mörku að námi loknu keypti hún sér vefstól „eiginlega án þess að vita hvað ég ætlaði að gera við hann“, eins og hún orðar það sjálf. Síðan hefur hún setið við vefinn, lengst af á vinnustofu sinni að Karfavogi 22 í Reykjavík þar sem hún hélt fyrstu einkasýningu sína, árið 1962.

„Ég var lengi í vafa um, hvort ég hefði gert rétt í því að fara á listaskóla í stað þess að læra tæknina við vefnaðinn á list-íðnaðarskóla. En ég held að listmenntun min hafi komið mér frekar til góða; hún hefur gefið mér miklu breiðari grundvöll til að vinna á“, segir Ásgerður.

Ög að sjálfsgöðu notar hún íslenskt efni í myndverk sín; íslenska ull. Þar að auki annað gamalt íslenskt hráefni, hrosshár. Með þessu efni og margskonar aðferðum við vefnaðinn, þar á meðal þá gömlu aðferð sem íslenskar konur notuðu við gerð vaðmáls frá örfó alda, hefur Ásgerður tryggt sér sess sem viður-kenndur listamaður innanlands sem utan og frumkvöðull listgreinar sem á vaxandi gengi að fagna í landinu.

Um feril hennar þessa þrjá áratugi sem sýningin í sýningarsal Listasafns alþýðu á að gefa einhverja hugmynd um er best að hafa óbreytt orð Harðar Agústs-sonar listmalara í sýningarskrá: „Líkt og margir jafnaldrar hennar í íslenski myndlist hóf Ásgerður sköpunarferil sinn með stílfærðum hlutbundnum mynd-

um, þar sem réðu heilir fletir og mjúklátir litir með ívafi af ljóð-rænu. Með tímanum uxu þó myndir hennar frá hinum ytri veruleika að undirstöðu mynd-heimsins, fletinum sjálfum. Meira að segja liturinn hvarf. Sjálfsgaht hefur þetta af hennar hálfu verið ítrasta könnun á vefjarlistinni sjálfri. Þaðan lá leið hennar til hýrnandi líta og efniskennar, uns hún nær full-þroska áfanga er markað hefur henni sess í íslenski listasögu.

Enda þótt óhlutbundin séu við fyrstu sýn, streymir frá verkum Ásgerðar Esterar Búadóttur rík og djúp skynjun á landinu, lífi þess og ásynð. Áhrifin eru því sterkari sem still hennar er agaðri. Hún hyllist aldrei til að láta efni eða tækni gleppa fyrir sér; þau hjú eru svo undirorpin vilja hennar, að áhorfandinn gleymir þeim vegna þess innri boðskapar er verk hennar flytja. Slíkt er kennimark mikils lista-manns“.

ÞG

Umræðubáttur sem tókst vel

Fyrir nokkru kærði maður framkomu tollgæslunnar í Keflavík við farþega sem kom til landsins.

Vafalaust hefði þessi kára fengið „eðlilega meðferð“ og rannsókn samkvæmt sínu eðli — hefði hasarbladamennskan ekki fundið sér þarna gölt að flá og geðbílur tollgæslumaður fundið

lágri gráðu. Svona blaðaskrif þjóna ekki öðru en lágum hvöt-um kjaftaska og blöðin ættu að sjá sóma sinn í að láta ekki endalaust fallerast.

Ég minnstist fyrir nokkru í þessum dalki á hina þreytandi og gagnslausu umræðubætti í útvarpi og sjónvarpi. Á þriðju-dagskvöldið er var, var í sjón-varpinu einn slíkur. Af áhuga á málefnum „kvænnaframboði“ kveikti ég á tæknu. Og það er ég viss um, að þeir karlar, sem á



Fjölmiðlun

eftir Gunnar Gunnarsson

tilefni til að rjúka í blöðin með lítt vönduðu orðfæri.

Íslensku dagblöðin virðast verða að sæta því að birta hvaða geðbillsku og vaðal sem á fjóru þeirra rekur, og geta reyndar ekki við neinn aðila sakast ann-an en sjálf sig. Það er engu lík-ara en að öll þjóðin þurfi í sífellu að vera að taka þátt í persónu-legu skitkasti vegna einhverra smámála, sem árekstrasöm sambúð okkar í landinu fram-leiðir á hverjum degi.

Undanfarin ár hefur toll-þjónn nokkur í Keflavík tekið að sér að svara fullum hálsi þegar á hann er yrt. Sami maður veð-ur stöðugt upp og niður dag blaðssíður, eins og vandamál hans í starfi komi einhverjum við. Síðdegisblöðin hlaupa í sí-fellu til, þegar hann þarf að senda einhverjum tóninn, og bera skætinginn á milli málsað-ila.

Þetta er ekki fréttamennska. Ekki einu sinni sensasjónismi af

næstunni munu koma til stjór-n-málaumræðna í sjónvarpi/út-varpi, geta mikið lært af þessum konum sem ræddu málin á þriðjudaginn.

Þáttakendurnir (allir konur ásamt stjórndegum) ræddu ákaflega málefnalega og skýrt um þetta merka mál, sem fjöl-miðlar hafa reyndar sinnt af áhugaleysi.

Hver þáttakenda kom öðrum betur fyrir. Allar töluðu þær skipulega, æsingarleg og af kurteisi og tillitsemi, jafnt hver við aðra sem við áhorf-endur. Það er eitt sem víst er, að það er mál til komið að stungið verði á mörgum þessara blaðurbelgja sem þykjast bera hag kjósenda fyrir brjósti — og skynsömu, alvarlega þenkjandi — venjulegu fólki hleypt að í pólitíkinni. Einhverjum, körlum eða konum, sem skýra sinn málstað og koma fram eins og konurnar sex á þriðjudags-kvöldið.

ÞG

Kór Langholtskirkju:

Syngur fyrir húsaskjólí

Þessir tónleikar komu uppá mjög skyndilega og tilgangurinn með þeim er að syngja fyrir gleri í Langholtskirkju, með öðrum orðum syngja fyrir húsaskjólí handa okkur“, segir Jón Stefáns-son söngstjóri við Hælgarpóstinn.

Tónleikarnir hefjast klukkan tvö á laugardaginn í Háskólabíói, og uppistaðan í söngskránni eru lög sem kórinn söng á tónleika-ferð sinni til Kanada í vor. Auk þeirra syngur kórinn Bílasyrpu í útsetningu Sigurðar Snorrasonar klarinetleikara, með undirleik kammerseitar, og argentínska messuverkið Misa Criolla, sem

kórinn flutti fyrir nokkrum árum ásamt einsöngvurunum Sverri Guðjónssyni og Alfred Wolfgang Gunnarssyni, en þeir syngja einn-ig einsöng í þetta sinn. Auk þeirra syngur Ólöf Kolbrún Harðardóttir einsöng með kórnum á laugar-dag.

Einnig koma karla- og kvænna-raddir kórsins fram sitt í hvoru lagi, undir höfnunum Stjúpræð-ur og Stjúpsystur. Karlarnir syngja þrjú lög, en konurnar taka syrpu af lögum eftir Sigfús Halldórsson með undirleik kammerseitar.

Þá er komin út hljómplata

kórsins, sem hann söng inn á áður en hann fór til Kanada í vor. Að-l-unin var að hafa plötuna með í ferðinni, en svo slysalega vildi til, að hún eyðilagðist í pressun, svo ekki varð af því.

En nú er platan semsé komin út og hefur að geyma þau lög sem sungin voru í Kanada, aðallega alknun íslensk ættjarðarlög og þjóðlög, sem eru í útsetningu Jóns Ágæissarsonar tónskálds. Síðast en ekki síst er íslenski þjóðsöngurinn á plötunni, en þetta mun vera í annað sinn sem hann er sunginn inn á plötu.

ÞG

Tröllin elskast með ærslum

Astarsaga úr fjöllum.
Saga: Guðrún Helgadóttir.
Myndir: Brian Pilkington.
26 bls.
Íðunn 1981.

Nútíma prenttækni ræður yfir undraverðum mætti til þess að



Bókmenntir

eftir Gunnlaug Astgeirsson

búa til falleg listaverk í fjölda-framleiðslu. En til að þessi tækni nýstist þurfa góðir lista-menn að skapa verkin sem prentiðnaðurinn tekur við. Hja sumum þjóðum hefur það þótt vera óaðskiljanlegur hluti af menningarlegri reisu að fram-leiða prentlistaverk fyrir börn. Hefur mörgum þótt það vera mælikvarði á menningarstig þjóða, hversu vel sé búið að börnum í þessu efni sem og öð-um. Hafa víða orðið til fullfal-legar bækur sem ymist eru frumsamdar að öllu leyti, bæði texti og myndir, eða að um er að ræða myndskreytingar færustu listamanna við eldri ævintýri eða sögur. Hafa sumar þessara bóka lent í dreifingarkerfi hins fjölþjóðlega prentiðnaðar en aðrar ekki. Eru þessar bækur sem hér um ræðir með því besta sem gefið er út í heiminum. Þó að bæði ég og aðrir sem fjallað hafa um barnabækur og barna-

menningu hafi sagt margt ljótt um fjölþjóðaútgáfunar, og yf-irleitt með réttu, þá má alls ekki gleyma því að vegna hennar fáum við einnig á íslensku mörg listaverk sem að öðrum kosti kæmust aldrei í hendur hér-lendra barna.

Nú hefur það gerst í fyrsta sinn að íslenskt forlag hefur lagt í að gefa út barnabók þar sem nýjasta prenttækni er nýtt til

hins ýtrasta. Hér er vafalaust um fjárhagslegt glæfayfirtæki að ræða, því þessar bækur eru mjög dýrar í framleiðslu ef að-eins er miðað við íslenskan markað. En hér sýnir það sig að þegar hæfileikafólki eru gefnar frjálsar hendur og ekkert til sparað við framleiðslu þá stunda árangurinn ekki á sér stand. Við höfum eignast alíslenska bók sem er fyllilega sambærileg við það besta sem framleitt hef-ur verið annarsstaðar.

Saga Guðrúnar Helgadóttur er ákaflega falleg og skemmtileg. Hér kveður við allt annan tón en í fyrri verkum Guðrúnar. Ævin-týrið og frjálst ímyndunarafi hefur tekið völdin af því nota-lega og kímna hversdagsraun-sæ sem einkennir fyrri bækur hennar. Efniviðurinn er söttur til íslenskra þjóðsagna og nor-rænna goðsagna og náttúra landsins kemur mjög við sögu. Ramminn um söguna er sá,

að drengurinn og pabbi hans sitja við sögusteininn í hlöðinni, en hann minnir á tröllkerlingu sem og margir aðrir steinar í grenndinni. Pabbinn fer að segja söguna af tröllskessunni Flumbru sem varð svo skotin í stóra ljóta tröllkarlinum að þau elskuðust með ærslum þannig að jörðin skalf. Það kalla menn-irnar jarðskjálftum þegar eitur ormsins draup í andlit honum. Upp úr þessu eignast Flumbra átta tröllastráka sem ekki eru beint frýnilegir en henni finnst, eins og öðrum mæðrum, sín börn allra barna fegurst. Hún færir þá á brjóstamjólk, en þegar þeir eru mettir renna hvítir lækir niður fjalls-hlíðarnar. Tröllin eru löt, elda

ekki nema á áratuga eða alda fresti og eins er um alla tiltekt hjá þeim, en það er eins gott því eldgos, skriðuföll og grjóthrun eru afleiðingar þessara athafna þeirra. Þegar bjargir Flumbru eru þrotnar ætlar hún með strákana að heimsækja tröllkarlinn sinn, sem ekkert vissi um þessi efnilegu afkvæmi sín, en þau dagar uppi á leiðinni. En hin lifandi náttúra sér um að klæða þau í mós og grös og snjórinu gefur þeim vetrarflik-ur þannig að ekki væsir um þau.

Drengurinn er ekki lengur hræddur við tröllin, náttúruna, og hugsar hlýtt til þeirra þegar náttúruhamfarir verða, því þá eru þau að elskast, taka til eða elda mat.

Þessi endursögn er að visu einfölduð mjög mikið en von-andi gefur hún til kynna hvernig efnistökin eru, hvernig þjóð-söguafni og náttúra landsins er tvinnuð saman á hlýlegan hátt,

hvernig náttúruöflin eru per-sónugerð í ævintýrinu. Textinn er fallegur og vel unninn. Hann leynir víða á sér, ber keim af þjóðsöguafni í bland við einfalt en fagað nútímaorðfæri.

Um myndir Brian Pilkingtons eru aðrir en ég færari að fjalla um. En vist er það að þær eru hrein listaverk. Formbygg-ing þeirra er mjög sterk. Sér-kenni íslenskrar náttúru eru dregin skýrt fram og ævintýra-figúrurnar, tröllin, eru hreint frábærar. Litir eru oftast sterk-ir og hreindir, iðulega í stórum flötum og formum.

Mig furðar ekkert á því að út-lendingar hafi orðið hrifnir af þessari bók, eins og fram hefur komið í fréttum, og það standi til að þýða hana á erlend tungu-mál. Bókin er mjög falleg og sérstæð, séríslensk að innihaldi og yfirbragði, en á að mínu viti að geta höfðað til flestra, óháð aldri og búsetu.

G.Ast.



Sýnishorn af myndum Pilkingtons í Ástarsögu úr fjöllum.